

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Sjálfsmatsskýrsla skólaárið 2011 til 2012



Þórarinn Ingólfsson

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	Bls. 1
Stýrihópurinn.....	Bls. 2
Hvað var gert á skólaárinu.....	Bls. 2
Gæði náms og kennslu (GNOK).....	Bls. 3
Grunnskólanemendur um áramót.....	Bls. 4
Að loknu skólaárinu 2011 - 2012.....	Bls. 5

Fylgiskjöl

Markmið FSu og sjálfsmat.....	Bls. 6
Áætlun um sjálfsmat.....	Bls. 11
Leiðbeiningar til kennara varðandi GNOK.....	Bls. 11
GNOK Niðurstöður 2003,2005,2009 og 2012.....	Bls. 12
Niðurstöður kannana vorin 2007– 2012. Nem. úr 10.b. um áram..	Bls. 13

STÝRIHÓPURINN

Stýrihóp vegna sjálfsmats á skólaárinu 2011 til 2012 mynduðu Björgvin Eyjólfur Björgvinsson og Ester Ýr Jónsdóttir ásamt aðstoðarskólameistara Þórarni Ingólfssyni. Einn fundur var settur inn í töflu á hverri viku báðar annirnar og einnig hittist stýrihópurinn oftast ef þurfa þótti vegna ýmissa ástæðna. Alls urðu fundirnir 26 og skiptust þeir þannig á milli anna að 15 fundir voru haldnir á haustönn 2011 og 11 á vorönn 2012. Fundirnir voru helgaðir skipulagningu á sjálfsmatinu og fór mikill tími í það að skoða markmið skólans og samræma þau.

HVAÐ VAR GERT Á SKÓLAÁRINU

Ákveðið var strax í upphafi annar af stýrihópnum að endurskoða þyrfti markmið skólans og tengja þau beint við sjálfsmatið. Einnig voru grunnþættir menntunar sem fram koma í nýrri aðalnámskrá framhaldsskóla undirliggjandi þættir í endurskoðuninni. Markmiðin sem sett höfðu verið fyrir 10 árum og markmiðin sem



koma fram í skólasamningnum við menntamálaráðuneytið voru tekin út, samræmd og endurskoðuð. Fljótlega komu upp hugmyndir um að flokka markmiðin þannig að þau féllu undir þrjá flokka:

1. Nám og kennsla
2. Mennska
3. Starfsumhverfi

Þegar þessir flokkar voru ljósir var farið yfir markmiðin og þeim komið á rétta staði. Ljóst var að skipa þyrfti undirflokkar og varð þá til þessi skipting:

1. Nám og kennsla
 - a. Nám
 - b. Kennsla
2. Mennska
 - a. Nemendur
 - b. Stjórnun
 - c. Samstarf við aðra
3. Starfsumhverfi
 - a. Fjármál, rekstur og aðbúnaður
 - b. Upplýsingar

Í byrjun nóvember var haldinn sjálfsmatsfundur með kennurum skólans þar sem þeim var skipt í hópa og yfirfóru þeir þau drög sem unnin höfðu verið. Þeir tóku markmiðin yfirfóru þau og veltu fyrir sér með hvaða hætti væri hægt að meta þau.

Sjálfsmatshópurinn fór yfir tillögur kennara, lagfærði og bætti þar sem það átti við. Í upphafi nýrrar annar þ.e. í janúar fóru tillögurnar fyrir stjórnendafund (áttufund) og þar komu enn fram tillögur um viðbætur og breytingar sem voru vel þegnar. Þegar ljóst var hver markmiðin ættu að vera þurfti að tengja þau við sjálfsmatið og var ákveðið að meta þau á þrjá vegu. Í fyrsta lagi var ákveðið að styðjast áfram við sjálfsmatskerfið okkar „How good is our school“ og taka hluta markmiða og meta inni í því kerfi. Í öðru lagi var ákveðið að nota kannanir og verður hluti markmiða skoðaður með þeim hætti. Í þriðja lagi verður notast við gátlista. Markmiðin eins og þau líta út í dag eru komin á heimasíðu skólans og einnig fylgir lokaskjalið hér með í þessari skýrslu.

Á vorönn var ákveðið að kanna gæði náms og kennslu (GNOK) í öllum áföngum sem kenndir voru á önninni. Við undirbúning fyriragnar var rætt við UT-hópin um möguleika á að leggja könnunina fyrir í rafrænu formi. Lausnin var að könnunin var lögð fyrir í gegnum Moodle kennsluumhverfið.


Um miðja vorönn var lögð fyrir rafræn könnun í samvinnu við FVA og FS. Könnunin tengdist því að skólarnir eru allir að vinna að verkefninu „heilsueflandi framhaldsskóli“.

Undir lok vorannar var lögð könnun fyrir nemendur sem komið höfðu úr 10. bekk grunnskóla beint inn í FSu um áramótin 2011/2012.

Eins og sjá má á þessu yfirliti yfir það sem var gert fór orka okkar mest í það að endurskoða og meta markmið skólans og tengja þau við sjálfsmatið. Stýrihópurinn endaði vorönnina á því að gera áætlun um sjálfsmat til vorsins 2014.

GÆÐI NÁMS OG KENNSLU (GNOK)

Eins og fram kom voru könnuð gæði náms og kennslu í öllum áföngum skólans. Könnunin var lögð fyrir á rafrænan hátt og stjórnaði Helgi Hermannsson fyrirlofninni



með dyggri aðstoð Kristínar Runólfsdóttur. Kennarar þurftu að setja áfangana sína upp í Moodle á sérstakan stað og síðan gátu nemendur opnað sína áfanga og svarað spurningunum sem þar komu fram. Eftir að svör lágu fyrir vann Helgi Hermannsson úr könnuninni, en áður hafði hann fengið lista með dulkóðun áfanga og kennara (sá listi var útbúinn af aðstoðarskólameistara). Könnunin hefur verið lögð fyrir 3x áður en aldrei áður með þessum hætti þ.e. rafrænt. Svarhlutfall var ekki alveg eins gott og í fyrri fyrirlofnum en við teljum það

aðeins vera byrjunarörðugleika sem við eigum eftir að lagfæra. Þátttaka í könnuninni var þannig að af 5261 ætlaðri niðurstöðu urðu svörin 3311 eða 62,9% þátttaka. Tímasetning fyriragnar var 26. mars til 2. apríl eða vikuna fyrir páskaleyfi og var hún opin aðeins inn í páskaleyfið. Leiðbeiningar sem fylgdu með könnuninni koma fram í fylgiskjali og einnig samanburður á niðurstöðum árána fjögurra þegar könnunin hefur verið lögð fyrir.


GRUNNSKÓLANEMENDUR UM ÁRAMÓT

Könnun var lögð fyrir nemendur sem höfðu komið í skólann í fullt nám um áramótin beint úr grunnskóla. Þetta eru nemendur sem hafa staðið sig vel í grunnskólanum og útskrifast þar af leiðandi fyrr úr skólanum en jafnaldrar þeirra í 10. bekk. Könnuð er líðan nemendanna í FSu og hvað þeim finnst um þessi skipti. Nær undantekningalaust eru nemendurnir ánægðir með veru sína í FSu og því verður áfram boðið upp á þennan möguleika í FSu.

AÐ LOKNU SKÓLAÁRINU 2011 - 2012

Eins og fram hefur komið var þetta skólaár eilítið öðruvísi en árin á undan einfaldlega vegna þess að við litum þannig á að tími væri til kominn að fara yfir markmið okkar og aðlaga sjálfsmatið að þeim. Vinnan tókst að okkar mati nokkuð vel og var mjög jákvætt að kennarar skólans tóku virkan þátt í að móta markmiðin og komu með þarfar ábendingar til stýrihópsins. Segja má að tekinn hafi verið fyrir hluti af markmiðum og metinn með könnun á gæðum náms og kennslu. Sú könnun tókst nokkuð vel og komum við til með að byggja á reynslunni sem fékkst með því að leggja hana fyrir á rafrænan hátt.

Stýrihópurinn þakkar öllum þeim sem komu að sjálfsmatinu á einhvern hátt og vonast til að áframhald verði á góðri samvinnu við starfsfólk og nemendur skólans.



Markmið FSu og sjálfsmat

Sýn skólans

Fjölbrautaskóli Suðurlands leggur áherslu á að allir séu metnir að verðleikum, njóti skilnings og beri virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu.

Skólinn stefnir að árangursríku og fjölbreyttu skólastarfi þar sem áhersla er lögð á fagþekkingu, sköpunarhæfni og metnaðarfullt þróunarstarf.

Hlutverk skólans

- að búa nemendur undir frekara nám og störf
- að bjóða upp á fjölbreytt nám í góðum tengslum við samfélagið
- að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi

Lykilorð skólans

FJÖLBREYTNÍ – SKÖPUN – UPPLÝSING

(G) = Gátlisti

(K) = Kannanir

(T) = Tímabundið verkefni

(H) = HGIOS

1. Nám og kennsla

a. Nám

- i. Innleiðingu nýrra laga sé lokið fyrir haustönn 2014. (G)
- ii. Lokið verði endurskoðun skólanámskrár í samræmi við markmið og hlutverk skólans fyrir haustönn 2014. (G)
- iii. Námsframboð verði endurskoðað á hverri önn, með hliðsjón af framhaldsskólalögum. (H)
 - Nýjar námsbrautir/nám verði í boði tengdar nýrri aðstöðu í verknaðshúsinu Hamri (haustönn 2014), t.d.: Hársnyrtibraut, fjölsmiðjunám, tónsmiðja, ný listnáms- og margmiðlunarbraut (stutt braut) og fleira. (G)
 - Nám í hestamennsku verði þróað og eflt (haustönn 2011 – 2013). (H)
 - Fornám og Almenn braut verði endurskoðuð í tengslum við þróun breytinga á kjarnagreinum og þróun nýrra stuttra brauta. (H)
 - Stúdentsbrautir verði endurskoðaðar og þeim fjölgað t.d. íþróttabraut, afreksíþróttabraut, listnáms- og margmiðlunarbraut, og almenn stúdentsbraut. Alþjóðabraut taki við af málabraut. (G)
 - Boðið sé upp á fjölbreytta og áhugaverða áfanga. (H)
- iv. Meistaraskóli verði starfræktur við FSu. (G)
- v. Boðið sé upp á nám í fangelsum og meðferðarstofnunum. (G)
- vi. Námsárangur verði bættur með auknu aðhaldi og námi við hæfi hvers og eins. (H)
 - Nemendur standist meira en 80% eininga sem lagðar eru undir í upphafi annar. (G)
- vii. Námsmat:
 - að námsmat sé eins fjölbreytt og kostur er. (H)
 - að námsmat gefi raunhæfa mynd af þekkingu nemanda. (H)
 - að námsmat sé áreiðanlegt og réttmætt. Skoðað í deildum. (H)

b. Kennsla

- i. Kennsluhættir séu fjölbreyttir og taki mið af ólíkum þörfum nemenda. (K)
- ii. Stuðlað sé að endurmenntun kennara. (H)
- iii. Aðbúnaður til kennslu sé sem bestur. (H)
- iv. Gæði kennslu:
 - Stefnt er að því að niðurstöður GNOK-könnunar sýni: (K)
 - að 90% nemenda telji að kennslan í skólanum sé mjög góð eða góð.
 - að að meðaltali 65% nemenda telji að kennslan í einstökum áföngum sé fjölbreytt.
 - að að meðaltali 60% nemenda telji að kennslan í einstökum áföngum sé áhugaverð/skemmtileg.
 - að 80% nemenda telji að kennari beri virðingu fyrir nemendum.
 - Stutt sé við faglegt starf og nýbreytni innan námsgreina. (H)
 - Samstarf sé milli námsgreina. (H)
 - Faglegt starf sé innan sviða. (H)

- Þróunarvinna og rannsóknarstörf séu stunduð. (H)
- v. Kennsluáætlanir séu aðgengilegar og uppfærðar. (G)
- vi. Kennsluáætlanir, prófagerð, yfirferð á prófum verði endurskoðuð á tveggja ára fresti. Næst fyrir vorönn 2014. (G)
- vii. Þörfum um fjölbreytt metnaðarfullt nám á Suðurlandi sé mætt með kennslu í dagskóla. (H)
- viii. Þörfum þeirra sem eiga erfitt með að leggja stund á staðbundið nám sé mætt með dreifnámi. (H)
- ix. Boðið sé upp á stöðtíma fyrir nemendur. (G)
- x. Skólinn sé opinn fyrir nýjungum í kennslu. (H)
- xi. Boðið sé upp á besta fáanlega kennsluefnið á hverjum tíma. (H)

2. Mennska

a. Nemendur

- i. Að minnsta kosti 95% nemenda líði vel eða mjög vel í skólanum. (K)
 - að 90% nemenda séu ánægðir með veruna í FSu.
 - að 90% nemenda séu ánægðir með aðstöðuna í skólanum.
 - að 90% nemenda séu ánægðir með félagslífið.
- ii. Skólinn stuðli að því að efla gagnrýna hugsun og styrki siðferðiskennd nemenda. (H)
- iii. Brottfall frá upphafi til loka hvefarrar annar verði undir 9,0%. (G)
- iv. Náms- og starfsráðgjöf:
 - Standi vörð um velferð nemenda, styðji þá í námi og aðstoði við val á framhaldsnámi. (H)
 - Styðji við nemendur með greiningar og nemendur sem hafa ítrekað fallið í áföngum. (H)
- v. Skólinn veiti nemendum með sérþarfir þjónustu. (H)
- vi. Skólinn stuðli að bættu heilbrigði nemenda. (H)
- vii. Einelti sé undir 2%. (K)
- viii. Stuðlað sé að styrkari sjálfsmynd nemenda. (H)
- ix. Spornað sé gegn sjálfseyðandi hegðun. (H)
 - x. Unnið sé að forvörnum í tengslum við tóbak, áfengi og önnur fíkniefni. (H)
 - xi. Hver einstaklingur fái að njóta sín og þroskast á sinn einstaka hátt. (H)

b. Stjórnun

- i. Starfsfólk sé ráðið með tilliti til réttinda og hæfni (sbr. starfsmannastefna, jafnréttisáætlun). (H)
- ii. Unnið verði eftir gæðamatsáætlunarkerfi skólans. (H)
 - að greina styrkleika/veikleika skólasamfélagsins. (H)
- iii. Líðan starfsmanna og ánægja í starfi sé góð: (K)
 - Góður starfsandi (90% mjög góður eða góður). (K)
 - Ánægja í starfi (90% mjög ánægðir eða ánægðir). (K)
 - Góð vinnuaðstaða (90% mjög góð eða góð). (K)
 - Ánægja með stjórnun skólans (90% mjög ánægðir eða ánægðir). (K)
- iv. Starfsmannaviðtöl verði fastur liður í starfi stjórnenda og hefjist eftir næstu kennslukönnun sem verður á vorönn 2012. (T)
 - v. Unnið sé að verkefninu „Skólinn í okkar höndum“. (T)
 - vi. Unnið verði skipulega að þróunarmálum. (H)
 - vii. Rannsóknur á skólastarfinu verði haldið áfram. (H)
 - viii. Lýðræðisleg vinnubrögð séu viðhöfð í skólanum. (H)
 - ix. Starfsmannafélag vinni að jákvæðum félagsanda meðal starfsfólks. (H)
 - x. Kennarafélag vinni að hagsmunum kennara og auknum gæðum kennslu. (H)

c. Samstarf við aðra

- i. Skapaður sé farvegur fyrir tengsl við grunnskóla á svæðinu. (H)
- ii. Áfram verði unnið í samstarfi við Fræðslunet Suðurlands (FnS) og Háskólafélag Suðurlands (HFSu). (H)
- iii. Unnið verði áfram að forvarnarstarfi með sveitarfélögum á svæðinu. (G)
- iv. Áframhaldandi samstarf verði við foreldrafélag skólans. (G)
- v. Þrískólasamstarfi (FVA, FS og FSu) verði haldið áfram. (H)

- vi. Skólinn eigi faglegt samstarf við aðra framhaldsskóla, sérskóla og háskóla landsins. (H)
- vii. Skapa farveg fyrir tengsl við atvinnulífið/samfélagið. (H)
- viii. Hollvarðasamtökin:
 - Haldi tengslum skólans við fyrrum nemendur sína og komi tengslum á við aðra þá sem bera hag hans fyrir brjósti. (H)
 - Styrki og efli skólann eftir fremsta megni, fjárhagslega eða á annan hátt. (H)
- ix. Erlend samskipti:
 - Veiti nemendum skólans á sem flestum sviðum/brautum tækifæri til að kynnast menningu annarra þjóða. (H)
 - Auki víðsýni og samkennd nemenda. (H)
 - Stuðli að fjölþættari þekkingu nemenda í þeim námsgreinum sem þeir leggja stund á. (H)
 - Styrki kennara skólans faglega og efli sjálfstraust þeirra og víðsýni. (H)
 - Kynni skólann og umhverfi hans. (H)
- x. Kannaðir verða möguleikar á kennslu með dreifnámssniði, í útibúi í Rangárþingi, með það í huga að hún hefjist haustið 2013. (G)

3. Starfsumhverfi

a. Fjármál, rekstur og aðbúnaður

- i. Rekstur verði hallalaus og innan marka fjárlaga án þess að þjónusta við nemendur verði skert. (G)
- ii. Nemendagarðar og mötuneyti nemenda verði rekin án halla. (G)
- iii. Samningur skólans við eigendur nemendagarðanna verði endurskoðaður. (G)
- iv. Nýting og uppbygging húsnæðis sé í stöðugri endurskoðun með tilliti til þarfa nemenda og starfsfólks. (H)
- v. Mötuneyti nemenda verði stækkað í samráði við ráðuneyti og Fasteignir ríkissjóðs. (T)
- vi. Mötuneyti gefi nemendum og starfsfólki kost á fjölbreyttu, næringarríku og hollu fæði. (H)
- vii. Vinnuaðstaða kennara verði bætt í samráði við Fasteignir ríkissjóðs. (H)
- viii. Fyrirbyggja skal slysaþættu af vélum, tækjum og skaðlegum efnum sem notuð eru í skólanum. (H)
- ix. Bóksala útvegi nemendum og kennurum skólans kennslubækur og önnur kennslugögn á sem lægstu verði. (H)
 - Rekstur bóksölu sé sjálfbær. (G)
- x. Tölvukerfi skólans sé öflugt, öruggt og áreiðanlegt. (H)
 - Nemendur og starfsfólk geti nýtt sér upplýsinga- og tölvutækni. (H)
 - Auðveldi samskipti nemenda og starfsfólks. (H)
 - Haldi utan um og varðveiti á öruggan hátt upplýsingar er varða skólann. (H)
- xi. Skólaakstur gefi nemendum á akstursleiðum kost á að stunda nám við skólann án röskunar á búsetu. (H)
- xii. Heimavist gefi nemendum sem búa utan akstursleiða skólans kost á ódýru, öruggu og þægilegu húsnæði í nágrenni skólans. (H)

b. Upplýsingar

- i. Vefur skólans sé aðgengilegur og endurspegli skólanámskrá FSu. (H)
- ii. Tímabundnar upplýsingar er varða skólastarfið séu aðgengilegar. (H)
- iii. Skrifstofa annist ýmsa þjónustu, haldi utan um og miðli upplýsingum er varða skólasamfélagið. (H)
- iv. Bókasafn veiti nemendum og kennurum góða möguleika til upplýsingaöflunar. (H)
- v. Dagatal veiti greiðan aðgang að dagsetningu atburða er tengjast skólalífinu. (H)
- vi. Í Handbók kennara hafi kennarar greiðan aðgang að upplýsingum og samræmdum vinnureglum er varða skólastarfið. (H)
- vii. Veffréttum sé haldið úti á Netinu. (H)
- viii. Nemendur og starfsfólk skólans viti hvernig eigi að bregðast við skyndilegum áföllum. (H)
- ix. Upplýsingar um hverjir starfa við skólann séu aðgengilegar. (G)
- x. Skýrslur dragi saman upplýsingar um einstaka þætti skólastarfsins og auki upplýsingaflæði. (H)
- xi. Saga skólans sé sýnileg. (G)

Áætlun um sjálfsmat

- V 2012 - Nám og kennsla (GNOK)
- H 2012 - Mennska
- V 2013 - Starfsumhverfi
- H 2013 - Sérverkefni og „ígrundun“
- V 2014 - Nám og kennsla (GNOK)

Leiðbeiningar til kennara varðandi GNOK- könnunina á Moodle sem lögð verður fyrir alla nemendur skólans í öllum áföngum í öllum hópum 26. mars til 2. apríl.

1. Hvetjið nemendur til að mæta með fartölvur sínar í tíma vikuna 26. til 30. mars. (Könnunin er opin til 2. apríl).
2. Munið að fara yfir hvort kannanir hafi skilað sér inn í alla ykkar áfanga. Bendið nemendum einnig á að þau geti leitað til skrifstofunnar ef könnun vantar í einstaka áfanga hjá þeim.
3. Nemendur taki könnunina í fyrstu kennslustund hvers áfanga, vikuna 26. til 30. mars.
4. Kennari les meðfylgjandi leiðbeiningar fyrir nemendur.

Könnunin er um gæði náms og kennslu í FSu.

Könnunin er lögð fyrir í öllum áföngum í dagskóla FSu.

Þessi könnun á einungis við um þennan áfanga og viðkomandi kennara.

Kennari hefur engan aðgang að könnuninni í Moodle en fær niðurstöður hennar að lokinni úrvinnslu.

Könnunin er tækifæri fyrir nemendur til að koma skoðunum/áliti sínu á framfæri við skólayfirvöld og viðkomandi kennara.

Könnunin er nafnlaus og með öllu órekjanleg.

Takk fyrir þátttökuna og gangi ykkur vel,
sjálfsmatshópurinn



Kannanir á kennslu og kennsluháttum í FSu á vorönn 2003, 2005,
2009 og 2012 - NIÐURSTÖÐUR

Þú ert beðin(n) að svara eftirfarandi spurningum af hreinskilni og samviskusemi. Könnunin er nafnlaus.		Mjög sammála2003v	Mjög sammála2005v	Mjög sammála2009v	Mjög sammála 2012v	Sammála2003v	Sammála2005v	Sammála 2009v	Sammála 2012v	Hlutlaus2003v	Hlutlaus2005v	Hlutlaus 2009v	Hlutlaus 2012v	Osammála2003v	Osammála2005v	Osammála 2009v	Osammála 2012v	Mjög ósammála2003v	Mjög ósammála2005v	Mjög ósammála2009v	Mjög ósammála 2012v	A ekki við2003v	A ekki við 2005v	A ekki við 2009v	A ekki við 2012v						
1.	Námsefnið í þessum áfanga er áhugavert/skemmtilegt					14,8	19,6	22,3	28,1	35,4	35,4	40,2	39,9	41,1	25,5	21,1	21,6	17,4	15,2	12,1	10,7	7,5	7,7	6	4,6	5,5	1,4	0,9	0,8	0,4	
2.	Kennarinn í þessum áfanga kemur vel undirbúinn í tíma					35,1	36,4	44,4	50,3	46,4	46,3	41,1	37,2	13,4	3,1	2,1	2,7	1,2	1,3	1,2	1,2	1,2	0,5	0,3	0,6	0,7	0,7	0,7	0,7	0,4	
3.	Tíminn nýtist yfirleitt vel í þessum áfanga					23,4	27,6	34,2	38,8	48,4	46,3	44,7	43	18,4	7,1	4,1	4,6	1,9	2,1	2,3	2,3	2,3	0,3	0,3	0,3	0,6	0,6	0,6	0,6	0,4	
4.	Kennarinn í þessum áfanga sinnir mér vel í tímum					23,3	26,6	32,9	38,3	43,1	42,1	40,9	40,4	22,4	7,5	5,3	4,2	3,1	3,5	3	3	2,8	1	0,6	0,6	0,9	0,9	0,9	0,9	0,4	
5.	Námsefnið í þessum áfanga er gagnlegt (2005,2009,2012vor)						27,2	29,7	31,9	39,6	39,6	40,4	40,7		6,4	7,1	5,8		3,8	3,5	3,5	3,5	0,6	0,8	0,8	0,8	0,8	0,8	0,8	0,4	
5	Auðvelt er að skrifa niður glósur í þessum áfanga (2003vor)					17,3				32,1				22,6				3,5				15,1									
6.	Kennarinn í þessum áfanga kemur með góðar útskýringar					28,7	33,6	38,1	41,1	45,1	42,3	39,7	40,9	14,3	6,8	5,6	4,4	3,1	3,3	3,4	3	0,7	0,3	0,7	0,6	0,6	0,6	0,6	0,6	0,6	
7.	Kennslan í þessum áfanga er fjölbreytt					14,8	17,6	21,4	25,8	32,9	35,7	32,3	37,1	28,1	14,3	12,9	10	6,3	6,1	5,8	4,9	2,5	1,4	1,6	1,9	1,4	1,4	1,4	1,4	0,6	
8.	Kennarinn í þessum áfanga hvetur til spurninga					17	21	25,3	29,9	34,6	36,8	34,8	38,3	31,7	9,8	8,7	5,9	3	3,5	3,3	3,2	2,8	1,6	1,7	1,9	1,9	1,9	1,9	1,9	0,6	
9.	Kennsluáætlun er fylgt í þessum áfanga					25	30	35	37,8	46,8	43,1	42	42,4	23,5	2,7	1,6	2,2	1	1,1	1,2	1,1	1,1	0,8	0,8	0,8	0,8	0,8	0,8	0,8	0,8	0,6
10	Kennarinn í þessum áfanga ber virðingu fyrir nemendum					29,2	34,9	40,8	47	44,4	39,8	39,1	38,3	17,4	5,1	3,3	2,5	3	2,8	2,7	2,4	2,4	0,7	0,5	0,6	0,3	0,3	0,3	0,3	0,3	0,6
11	Mér finnst þessi áfangi áhugaverður					17,4	22,2	25,9	29,7	31,8	32,9	31,5	36,9	22,7	11,8	10,5	8,8	11,3	8,5	7,5	7,1	2	1,5	1,5	1,5	1,5	1,5	1,5	1,5	1,5	0,6
12	Kennarinn í þessum áfanga er stundvís					37,6	42,9	46,2	47,6	42,9	40	37,9	40,3	12,4	4,2	3,5	2,7	1,6	2,8	1,7	1	0,3	0,7	0,3	0,3	0,3	0,3	0,3	0,3	0,3	0,6
13	Kennarinn í þessum áfanga er hvetjandi					20,9	26,3	29,8	35,4	40	37,7	37,9	40,8	28,2	6,4	5	4,1	3,4	3,5	3,7	3,4	0,6	0,4	1,1	0,3	0,3	0,3	0,3	0,3	0,3	0,6
						Of mikið	Of mikið	Of mikið		Mikið	Mikið	Mikið		Hæfilega mikið	Hæfilega mikið	Hæfilega mikið		Of lítið	Of lítið	Of lítið		A ekki við	A ekki við	A ekki við							
14	Í þessum áfanga er skjávarpi notaður (2003vor)					2,6				24,3				14,7			5,1					27,6									
15	Vinnuálag í þessum áfanga er					9,9	8,4	7,7	9,5	20,7	23,5	22,4	22	59,1	60,5	62,7	60,5	8,4	5,9	5,9	5,6	0,6	0,6	0,6	0,8	1,3	1	0,8	1,6	1,6	1,6

Niðurstöður kannana vorin 2007 – 2012

Líðan og viðhorf nemenda sem koma úr 10. bekk um áramót

	Samtals	%	'96 árg.	'95 árg.	'94 árg.	'93 árg.	'92 árg.	'91 árg.
Fjöldi nemenda sem byrjaði um áramót	83		8	13	24	9	17	12

1. Hvernig var að byrja í FSu?

a) Mjög auðvelt	26	32,5%	4	6	8	2	4	2
b) Frekar auðvelt	45	56,2%	3	6	12	5	10	9
c) Frekar erfitt	9	11,3%	1	1	2	1	3	1
d) Mjög erfitt								
	80	100						

2. Hvernig líður þér í skólanum?

a) Mjög vel	55	67,9%	8	10	19	2	10	6
b) Frekar vel	25	30,9%		3	4	6	7	5
c) Frekar illa	1	1,2%						1
d) Mjög illa								
	81	100						

3. Hvernig gengur þér í náminu?

a) Vel í öllum námsgreinum	22	27,5%	1	5	6	1	7	2
b) Vel í flestum námsgreinum	56	70,0%	7	8	16	6	10	9
c) Illa í flestum námsgreinum	2	2,5%				1		1
d) Illa í öllum námsgreinum								
	80	100						

4. Hvernig gengur þér með heimanámið?

a) Mjög vel	19	23,5%	1	3	7	2	4	2
b) Frekar vel	54	66,7%	7	9	14	5	11	8
c) Frekar illa	7	8,6%		1	2		2	2
d) Mjög illa	1	1,2%				1		
	81	100						

5. Hvernig líður þér með skólafélögum þínum?

a) Mjög vel	57	70,4%	8	11	19	3	10	6
b) Frekar vel	24	29,6%		2	4	5	7	6
c) Frekar illa								
d) Mjög illa								
	81	100						

6. Kvíðir þú því að mæta í skólann eða einhverjar kennslustundir?

a) Mjög oft								
b) Stundum	8	9,9%		1	2	1	2	2
c) Sjaldan	22	27,1%	1	3	7	4	5	2
d) Aldrei	51	63,0%	7	9	14	3	10	8
	81	100						

7. Ertu ánægð/ur með að hafa byrjað í FSu um áramót?

a) Mjög ánægð/ur	68	84,0%	8	11	18	7	13	11
b) Frekar ánægð/ur	12	14,8%		2	5	1	4	
c) Frekar óánægð/ur	1	1,2%						1
d) Mjög óánægð/ur								
	81	100						

8. Telur þú rétt að bjóða duglegum nemendum úr grunnskóla að byrja, í fullu námi, hálfu ári fyrir í framhaldsskóla?

a) Já	81	100%	8	13	23	8	17	12
b) Nei								

9. Hvers vegna er rétt að bjóða duglegum nemendum úr grunnskóla að byrja, í fullu námi, hálfu ári fyrir í framhaldsskóla?

Árg. '91 – um áramót 2006-7

- Því þetta er gott fyrir mann ef maður getur þetta þá getur maður klárað fyrir og bara af hverju ekki ef þetta er eitthvað sem maður vill og getur.
- Því sumir hafa ekkert að gera í tíunda bekk.
- Það er sanngjarnt því krakkarnir eru tilbúnir fyrir námið og það á ekki að halda aftur af þeim ef þeir vilja fara í þetta.
- Vegna þess að þetta opnar marga möguleika, þetta er skemmtilegt. Svo fá duglegir nemendur námsleiða í lok 10. bekkjar og þá er þetta mjög sniðugt.
- Því ég tel að þeir hafi sennilega ekki mikið að gera enn í grunnskóla. Það gefur líka góða möguleika á að klára skólann fyrir.
- Nemendur geta klárað skólann fyrir. Líður ef til vill betur í FSu en í grunnskóla. Námið hæfir þeirra getu betur.
- Til að gefa þeim tækifæri á því að flýta fyrir náminu, og kynnast félagslífinu fyrir.
- Vegna þess að duglegir nemendur eiga að fá að fara hraðar yfir námsefnið ef kostur er.
- Því nemendur sem eru búnir að standa sig vel eiga það skilið og það hentar þeim kannski betur námslega séð.
- Vegna þess að ef nemendurnir eru nógu gáfaðir þá eiga þeir rétt á að byrja í skólanum til þess að geta þá klárað námið sem fyrst.
- Því þá geta nemendur haft meira til að stefna að. Duglegir nemendur fá séns til að sleppa við samræmduprófa stressið. Og þetta eykur áhuga á námi og vilja til að gera vel.
- Til að gefa þeim tækifæri til að fara á undan í gegnum námið og þurfa ekki að taka samræmdu prófin sem eru bara tímasóun fyrir krakka sem vita að þau ætla í FSu og gengur vel að læra.

Árg. '92 – um áramót 2007-8

- Ef grunnskólinn er fyrir neðan getu einhvers hefur hann ekkert að gera þar.
- Þá geta duglegir nemendur fengið að njóta sín.
- Af því að það er gott tækifæri ef núverandi nám er of létt.
- Þau eiga það skilið.
- Af því að það er leiðinlegt að hanga og gera ekki neitt í grunnskóla.
- Því þá hafa allir tækifæri til að fara á sínum hraða í náminu.
- Til að þeir fái kennslu sem höfðar til þeirra getu.
- Það er þroskandi og skemmtilegt.
- Metnaðarleysið í grunnskólanum er ríkjandi og þar með sanngjarnt að hleypa duglegum og metnaðarfullum nemendum upp.
- Þetta býður upp á möguleika fyrir duglega nemendur að klára námið.
10. bekkur eftir áramót er voða lítið annað en undirbúningur fyrir samræmd próf. Þeir sem eru með yfir 8,0 um áramótin í 10. bekk eru nánast búnir að læra allt sem á að læra í grunnskóla.
- Þau hafa oftast metnað til þess að ná árangri og gott að verðlauna fyrir góða frammistöðu.
- Vegna þess að fólk sem vinnur vel getur fengið betri námsaðstöðu í FSu.
- Af því að það flýtir fyrir manni og maður verður fljótari með námið og getur það skipt miklu máli fyrir marga.
- Því það er gott að geta gefið nemendum tækifæri á því.
- Því það hlýtur engin skaða af, og spennandi reynsla.

Árg. '93 – um áramót 2008-9

- Til þess að geta klárað námið fyrir og farið þá fyrir í háskóla

- 2) Vegna þess að hví láta nemendur sem eru með hátt í öllu, láta þá þurfa að bíða í 6 mánuði
- 3) Því þau hafa unnið fyrir því með því að stunda námið vel og hafa sýnt fram á að þau geta stundað nám fyrr í framhaldsskóla
- 4) Gott fyrir þá sem geta það
- 5) Vegna þess að þeir sem geta lært og vilja komast áfram í námi eiga að fá að halda áfram námi á sínum hraða
- 6) Vegna þess að námið er meira krefjandi og ef maður lærir vel þá er það mun þægilegra
- 7) Því þeir sem hafa sannað að þeir geti axlað ábyrgðina ættu að fá að reyna við skólann

Árg. '94 – um áramót 2009-10

- 1) Enginn tilgangur að vera í grunnskóla ef maður kann flest það sem á eftir að kenna.
- 2) Af því nemendur sem hafa næga getu til að læra og vilja nýta sér það með því að fara yfir.
- 3) Því að ef þeir hafa getu og áhuga á því eiga þeir að hafa fullan rétt á því.
- 4) Ef þau ráða við það þá skiptir það voða litlu máli að þau byrji fyrr.
- 5) Útaf það er mjög þroskandi og er mjög fínt að flýta fyrir sér.
- 6) Þeir sem hafa dugnaðinn og getuna ættu algjörlega að hafa það til boða að fara fyrr.
- 7) Bara. Mér finnst það gaman.
- 8) Mjög sniðust ef maður getur farið, en maður verður samt að hafa í huga að þetta er miklu erfiðara en í grunnskóla!
- 9) Af því að þetta er einstakt tækifæri fyrir ungmenni að spreyta sig.
- 10) Því ef þau eru tilbúin þá er það mjög sniðugt.
- 11) Því að ef þeir geta og vilja það, af hverju þá ekki að fara?
- 12) Því þau eiga það skilið fyrir vel unnin störf og dugnað.
- 13) Því þau eiga það skilið.
- 14) Því sumir eru duglegir og eiga það skilið og vilja byrja fyrr í framhaldsskóla.
- 15) Því að þetta er frábært tækifæri til þess að stytta sér leið.
- 16) Vegna þess að það flýtir fyrir þeim í námi í stað þess að eyða tíma í óþarfa vinnu.
- 17) Krakkar sem eru nógu góð í námi í grunnskóla eiga bara rétt á að fara yfir. Það er ósanngjarnt fyrir þau að þurfa að bíða eftir hinum sem eru minna gáfaðir.
- 18) Því það hvetur mann áfram. Námið í grunnskólanum er ekki mjög krefjandi. En samt verður að velja nemendurna vel.
- 19) Vegna þess að það er góð umbun fyrir gott starf, það er gott að hafa markmið til að stefna að.
- 20) Það er mjög sniðugt fyrir þá sem geta það og flýtir fyrir.
- 21) Vegna þess að þeir sem leggja sig fram eiga skilið að fá tækifæri til þess að sanna sig.
- 22) Vegna þess að mér finnst ósanngjarnt að duglegir nemendur þurfi að dragast í grunnskóla, ef það er auðvelt.
- 23) Vegna þess að mér finnst mikilvægt að duglegir krakkar fái að reyna við erfiðara nám heldur en grunnskólinn hefur uppá að bjóða.

Árg. '95 – um áramót 2010-11

- 1) Því það er tímasóun að vera í of auðveldu námsefni.
- 2) Vegna þess að þau hafa bæði þroska og getu (flestar allir).
- 3) Því að ef nemandi hefur allt til þess að fara fyrr og námsefnið í grunnskólanum er allt of létt er miklu sniðugra að fara fyrr og ná árangri í staðinn fyrir að „hanga“ ennþá í grunnskólanum. Nemandi þarf samt líka að vera andlega og félagslega sterkur til þess að fara fyrr, því maður þarf að vera frekar sjálfstæður.
- 4) Því að þetta gefur duglegum nemendum færi á að byrja fyrr.
- 5) Því þetta er frábært tækifæri til að skara framúr og ljúka stúdentsprófi fyrr.
- 6) Námsfnið í grunnskóla getur verið orðið of auðvelt, sem getur orðið til þess að ýta undir námsleiða. Tækifæri til að kynnast nýju fólki, o.fl.
- 7) Ef maður hefur tækifæri til að takast á við eins krefjandi námsefni og maður hefur tök á þá er það frábært tækifæri til að ná árangri.
- 8) Vegna þess að það hjálpar þeim að halda áfram í námi. Þá þurfa þau ekki að staldra við í annað hálf ár til að rifja upp eitthvað sem þau kunna.
- 9) Vegna þess að sumir hafa náð settum markmiðum fyrr en aðrir og kannski passar það betur fyrir nemandann að fara fyrr.
- 10) Mér finnst að þeir nemendur sem gengur betur ættu að hafa kost á því að fá nám við sitt hæfi, eitthvað sem reynir á nemandann.
- 11) Sumir nemendur eru búnir með námið í grunnskóla á undan og hafa þá ekkert að gera þar lengur.
- 12) Það er algjör óþarfi að vera að hanga í grunnskóla ef maður hefur tök á því að fara fyrr í FSu.
- 13) Óþarfi að neyða þau til að halda áfram í einhverju sem þeim finnst of létt.

Árg. '96 – um áramót 2011-12

- 1) Því að fyrir þessa nemendur er grunnskólanámið oft bara mjög lítið krefjandi. Þau eru alltaf búin á undan hinum og fá voða lítið útúr því sem er gert því að þau eru með allt á hreinu. Þetta er líka bara hálfgerð umbun fyrir þau að fá að fara yfir.
- 2) Því að það þarf að verðlauna þá sem hafa nógu góðar einkanir að fara yfir. Það eru margir sem finnst námsefnið í 10. bekk of létt og þurfa nám sem er meira krefjandi.

- 3) Því að þeir sem eru góðir í að læra og duglegir fá þá námsefni sem þeir læra eitthvað af. 10. bekkur er mikið upprifjun og maður lærir ekkert mikið nýtt.
- 4) Því duglegu nemendurnir hafa ekkert að gera í grunnskólanum lengur þegar þau eru að byrja í 10. bekk. 10. bekkur er bara upprifjun og tel ég bara betra að fara strax yfir í framhaldsskólan í stað þess að vera eh að hangsa í 1 ár.
- 5) Því þá hafa þeir betra tækifæri til að læra og mennta sig í stað þess að vera enn í grunnskóla og gera hluti sem þú getur auðveldlega.
- 6) Vegna þess að af eigin reynslu get ég fullyrt að ef yfirburðanemandi er ekki að fá nógu krefjandi verkefni þá deyr námsáhuginn og metnaðurinn og svokallaður skólaleiði tekur við.
- 7) Í grunnskóla (fyrir nem. sem eru að standa sig) eru litlar kröfur og námið auðvelt. Því er í lagi að fara í FSu til að hafa krefjandi nám.
- 8) Afbragðsnemendur í grunnskólum lenda oft en ekki í því að fá námsleiða því námið krefst lítils sem einskis af þeim nemendum. Ég tel þetta flott framtak að geta lagt í það að fara yfir í FSu ef þú ert náms- og félagslega sterkur.

10. Hvað getur skólinn gert til að auðvelda ykkur að hefja nám í FSu?

Árg. '91 – um áramót 2006-7

- 1) Svo sem ekkert, þetta er búið að vera mjög fínt.
- 2) Kenna það sem nemendur hafa ekki lært eða skilið.
- 3) Náttúrufræðikunnátta, þyrfti að taka einhvers konar hraðferð haustið fyrir brottför.
- 4) Kynnt okkur vel fyrir öllu námi sagt okkur helstu grunnatriði í hverju fagi sem við þurfum að kunna áður en við komum.
- 5) Sett aðeins eða lagt meiri áherslu á námið held ég aðallega annars ekkert frekar.
- 6) Aðeins meiri upplýsingar fyrir fyrsta skóladag, sem og alltaf þegar illa á stendur. ATH! Að hægt sé að fara í 102 áfanga við byrjun td. Stæ 102.
- 7) Stærðfræði stuðning á betri tíma eða oftár í viku. Koma fram við okkur eins og venjulega busa (sem er gert) –Busavígslan !!!
- 8) Undirbúa mann betur.
- 9) Ég er ekki viss því mér finnst ekkert þurfa að bæta þetta. Það var svo auðvelt að aðlagast og við ágætlega undirbúinn námsega úr grunnskólanum.
- 10) Þetta var bara nokkuð gott eins og það var núna en það mætti láta nemendur taka fleiri próf og kannanir til að gá hvort þeir séu tilbúnir í þetta.
- 11) Mér finnst skólinn hafa verið mjög duglegur að hjálpa okkur.
- 12) Farið með okkur í skoðunarferð um skólann, ég var að villast hérna alveg fram í febrúar og veit ekki ennþá hvar allt er.

Árg. '92 – um áramót 2007-8

- 1) Veit ekki.
- 2) Þetta er fínt eins og það er.
- 3) Veit það ekki.
- 4) Haft kynningar.
- 5) Reynt að hjálpa okkur meira.
- 6) Held að þetta sé bara fínt.
- 7) Ekkert sérstakt.
- 8) Mér finnst þetta fínt svona.
- 9) Góðan undirbúning.
- 10) Það sama bara.
- 11) Ekkert.
- 12) Þetta er bara fínt eins og það er.
- 13) Hjálpa okkur aðeins meira í náminu og betri undirbúningi.
- 14) Meiri upplýsingar um próf og stundaskrá.
- 15) Þetta er fínt eins og þetta er.
- 16) Kynnt námsefnið og aðstæður (námsefnið). Kennara.

Árg. '93 – um áramót 2008-9

- 1) Betri upplýsingar um námið og hvernig skólinn gengur fyrir sig.
- 2) Fínt eins og það er
- 3) Útskýra betur í áföngunum
- 4) Gefa betri upplýsingar hvað á að gera þegar verið er að byrja
- 5) Halda kynningu í grunnskólunum

Árg. '94 – um áramót 2009-10

- 1) Mjög fínt eins og það er.

- 2) Þetta er fínt eins og það er.
- 3) Ekkert.
- 4) Minnt okkur á heimalærdóm.
- 5) Minnt okkur betur á heimalærdóm.
- 6) Hjálpað með að velja tíma sem henta vel.
- 7) Undirbúa sig vel, t.d. eins og láta okkur fá verkefni frá FSu.
- 8) Endurnýjað lesbækur, eins og Gule handsker.
- 9) Ööó ég er ekki viss **L**
- 10) Að sýna kennsluáðferðir og kenna nemendum á kerfið.
- 11) Bara ekki neitt.
- 12) Ég hef ekki hugmynd um það.
- 13) Allt var gert til þess!
- 14) Að kynna fyrir okkur skólastarfið og hjálpa okkur að skipuleggja okkur betur.
- 15) Kennt námstækni.
- 16) Ekkert að vanbúnaði **J**
- 17) Setja allt heimanámið á netið.
- 18) Veit ekki.
- 19) Bara taka vel á móti okkur **J**
- 20) Mér finnst þetta fínt eins og það er.

Árg. '95 – um áramót 2010-11

- 1) Kynnt allt vel.
- 2) Að kynna skólann betur fyrstu tvo dagana.
- 3) Haldið kynningar.
- 4) Mér fannst það mjög auðvelt svo að það er ekkert.
- 5) Aldrei neyða okkur til að fara í 103 í öllu, það eru ekki allir jafn tilbúnir til að taka svona stór skef, námslega séð.
- 6) Mér finnst skólinn standa sig frábærlega í þeim efnum.
- 7) Útskýrt betur hvernig hlutirnir virka, t.d. Moodle og Inna.
- 8) Sagt hvernig námsaðferðum er háttað, t.d. að það sé nauðsynlegt að hafa laus blöð og möppur.
- 9) Í sumum áföngum er of mikið að læra, of mikið álag og sumir kennarar mættu skipuleggja sig betur, ekki hafa allt í einu öll prófin í síðustu vikunni.
- 10) Voðalega fátt. Það eru hins vegar sumir kennarar sem gera meiri kröfur til ofurbusa en annarra nemenda, það finnst mér rangt.
- 11) Útskýra betur vægi Moodle, prófa og heimanáms frá byrjun.

Árg. '96 – um áramót 2011-12

- 1) Það er nú ekki mjög erfitt að byrja hér en það væri kannski hægt að kynna námið og kennsluáðgerðir aðeins betur. Kannski líka að láta nemendur skólans vita að það eru „ofurbusar“ að byrja því að það sem var kannski „ópægilegast“ var hvað allir horfðu á mann og svona að þæla hvað maður væri að gera hér. En það er mjög auðvelt að koma nýr inn í þennan skóla.
- 2) Kynnt fyrir okkur skólann og hvernig allt gengur fyrir sig.
- 3) Ég held að skólinn gæti ekki gert neitt öðruvísi en það er nú. Það er fínt að láta þá sem koma yfir vera í sömu tímum svo að maður þekki einhvern.
- 4) Skólinn getur reynt að fara ítarlegar í allt efni, sett meira heimanám og ekki mata allt ofaní okkur eins og mikið er gert í grunnskólanum.
- 5) Það er fínt eins og það er. Gott að reyna að hafa þá nemendur saman í tímum sem koma fyrr yfir.
- 6) Hópefli, það er númer 1, 2 og 3 að falla í hópinn og eignast vini hér en ekki vera einmana og feiminn einn úti í horni og líða illa.
- 7) Undirbúið okkur vel og að allir kennarar séu jákvæðir með ákvörðunina.
- 8) Mér fannst það mjög auðvelt að koma yfir. Við vorum nokkuð undirbúin fyrir þetta svo þetta er í góðum málum.

11. Hvað hefur reynst þér erfiðast við að vera í FSu?

Árg. '91 – um áramót 2006-7

- 1) Er ekki alveg viss örugglega samt að þetta er svo miklu meira undir manni sjálfum komið.
- 2) Stærðfræðin og félagslega fyrstu vikurnar.
- 3) Að halda sambandi við vini úr grunnskóla (ekki alslæmt þó)
- 4) Námið er aðeins erfiðara og byrjunin var þínu erfið meðan maður var að komast inn í kerfið.
- 5) Að halda utan um allt mitt heimanám sjálf og þurfa að muna sjálf í staðinn fyrir eins og í grunnskólanum alltaf sífellt verið að tryggja allt ofan í mann.
- 6) Námsgreinarnar eru allar mjög vel við hæfi, hvað varðar erfiði og þess háttar. Nema stærðfræði.
- 7) Þegar fyrst var komið í skólann, að passa inn í.
- 8) Allt námsefnið sem ég missti af í grunnskólanum, það sem var kennt eftir áramót s.s raungreinar og mikið í tungumálum.

- 9) Voða litir erfiðleikar fyrir utan smá örðugleika í upphafi stærðfræðiáfangans en það batnaði fljótt.
- 10) Það er búið að vera erfiðast að byrja að gera hluti sem ég veit ekkert hvað er og svo er þetta líka miklu meira nám en í grunnskóla.
- 11) Ég sit aldrei með neinum hóp né ákveðnum borðum.
- 12) Ég eyði miklu meiri peningum eftir að ég byrjaði hér þar sem að FSu er ekki í minni heimabyggð og ég er lélegur í stærðfræði ég held að ég þurfi betri grunn í henni.

Árg. '92 – um áramót 2007-8

- 1) Það er allt of mikið vesen í sambandi við lærdóminn.
- 2) Fara frá vinum og námið erfiðra.
- 3) Breyting á námsefni. Erfiðara námsefni.
- 4) Ekki neitt.
- 5) Ekkert.
- 6) Ekkert erfitt.
- 7) Maður þarf að hugsa meira um sig sjálfur.
- 8) Byrjaði á annarri braut en ég vildi.
- 9) Örugglega félagslífið.
- 10) Allt auðvelt.
- 11) Að koma inn án vina minna.
- 12) Skipuleggja mig og átta mig á vinnunni sem fylgir þessu.
- 13) Að þekkja svo fáa aðra.
- 14) Ekkert... nema stundum námið.
- 15) Náttúrufræðiáfangarnir.
- 16) Allir á mismunandi aldri og ströng gæsla á fjarvistum.

Árg. '93 – um áramót 2008-9

- 1) Mér finnst frekar erfitt að allir góðu vinirnir eru ekki hér en annars mjög fínt.
- 2) Námið er frekar erfitt fyrst.
- 3) Að kynnast öðrum krökkum.
- 4) Mæta í tíma.
- 5) Að fara með rútunni og að fylgjast vel með í öllum áföngum.
- 6) Að hafa ekki komið á sama tíma og allir vinir mínir.
- 7) Hafa tvö eða fleiri próf á sama degi.

Árg. '94 – um áramót 2009-10

- 1) Mjög lítið.
- 2) Var smá stund að venjast öðruvísi kennsluaðferðum.
- 3) Stærðfræði.
- 4) Muna eftir heimanámi á netinu.
- 5) Muna að læra heima.
- 6) Meira álag. Sama rútínan í grunnskóla, lítið heimanám. Erfitt að venja sig á heimanám.
- 7) Sum verkefni og próf.
- 8) Mikið heimanám og bara mikið nám.
- 9) Að komast ekki heim þegar stundataflan mín er götótt [bý á ...]
- 10) Danskan L
- 11) Það þarf að leggja meira á sig J
- 12) Ekki neitt.
- 13) Meira heimanám.
- 14) Það er meira heimanám og öðruvísi kennsluaðferðir.
- 15) Stíf dagskrá, er í 22 einingum. Annars er þetta fínt.
- 16) Það er bæði auðveldara og betra í FSu en í grunnskólanum.
- 17) Að ná að skipuleggja skóla og frístundir.
- 18) Danska, kennarinn nennir ekkert að hjálpa mér.
- 19) Vera yngst.
- 20) Það er náttúrufræði 123.
- 21) Vakna í skólann.
- 22) Bara allt öðruvísi kennsluaðferðir sem þarf að venjast. Fyrsta vikan var þínu erfið, allir að horfa á mann en síðan lagaðist það.

Árg. '95 – um áramót 2010-11

- 1) Ekkert erfitt. Leiðinleg hópaskipting í frítíma samt.
- 2) Námið er erfiðara en í grunnskóla, annars er ekkert.
- 3) Það hefur allt gengið mjög vel bæði námslega og félagslega.
- 4) Það var smá erfitt að læra á skólann en það kemur bara með tímanum.
- 5) Stærðfræði og danska.
- 6) Að skipuleggja mig, sérstaklega með heimanámið. Að hafa tíma fyrir heimanámið samhliða íþróttum.
- 7) Stærri skammtur af verkefnum en ég var vön og stundum of mikið að gera.

- 8) Danskan.
- 9) Að aðlagast og svo er líka hræðilega klíkuskript og mjög margir fordómafullir.
- 10) Í sumum námsgreinum átti ég í smáerfiðleikum með að halda í við heimanámið, en það vandist fljótt.
- 11) Það er stundum of mikið heimanám.
- 12) Einstaka fög hafa verið mjög erfið en erfiðast held ég að sé að búa að heiman.
- 13) Heimanámið.

Árg. '96 – um áramót 2011-12

- 1) Heimanámið. Ég er í 2 íþróttum og í grunnskóla þurfti ég aldrei að læra heima því að ég kláraði það alltaf í tímum. Þannig að núna þarf maður að skipuleggja sig betur bara.
- 2) Hvað það varð miklu meira nám og maður þarf alltaf að vera að halda dampi í öllu. Mér hefur samt tekist að fúnkera þetta mjög vel og náð að skila öllum verkefnum.
- 3) Mér hefur gengið frekar vel en erfiðast finnst mér að þurfa að skipuleggja heimanámið. Það var næstum ekkert heimanám í grunnskólanum en hérna er miklu meira heimanám.
- 4) Tungumálin hafa reynst mér erfiðust. Hér er mikið spurt um orðaforða, en það var ekkert gert í grunnskólanum.
- 5) Skipulagning og að þurfa að vinna meira sjálfur og meira heimanám.
- 6) Að reyna að vinna sjálf úr skólaleiðanum þar sem að ég var í fyrsta skiptið í mörg ár komin með krefjandi námsefni.
- 7) Enska.
- 8) Að fara frá bekkjarsystkinum og að fá „heimanámsskell“ strax á okkur/mig. Ég hef aldrei áður haft svona mikið heimanám.